# Náms- og kennsluáætlun – Vorönn 2025

## FÉLA3KS05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Bogi Ragnarsson, bogi.ragnarsson@fss.is, moodle.fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Þriðjudagar 8:20 – 9:00, stofa 325 | |
| **Námsefni** | Bogi Ragnarsson. (2025). Kenningar í félagsfræði: Að sjá heiminn með augum félagsfræðinnar. Reykjanesbær. Stafbók. Nemendur nálgast bókina á síðunni stafbok.is | |
| **Áfangalýsing** | Framhaldsáfangi þar sem lögð er áhersla á að beita rannsóknaraðferðum og kenningum með það að markmiði að auka skilning á mismunandi félagslegum viðfangsefnum. Jafnframt verður leitast við að auka félagslegt innsæi nemenda og skilning þeirra á viðfangsefnum eins og félagslegri lagskiptingu, afbrotum, samskiptum og fjölmiðlum. Mikilvægt er að nemendur geti greint ólík viðfangsefni út frá ólíkum sjónarhornum með mismunandi kenningar og rannsóknaraðferðir í huga. Að loknum áfanganum eiga nemendur að geta beitt mismunandi aðferðum við greiningu og mat á ólíkum félagslegum viðfangsefnum.<br><br>Í áfanganum verður m.a. fjallað um:<br>- Frumkvöðla félagsfræðinnar<br>- Sjónarhorn, hlutverk, hagnýtingu og þróun félagsfræðinnar<br>- Helstu kenningar félagsfræðinnar<br>- Mismunandi félagsfræðileg sjónarhorn<br>- Samskipti og sjálfsmynd<br>- Lagskiptingu<br>- Kenningar og veruleikann<br>- Kenningar og kvikmyndir<br>- Kyn og kyngervi<br>- Kynhlutverk<br>**Áfangalýsingu og tenging bókarinnar við háskólanám má finna á vefsvæðinu stafbok.is.** | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanga þarf að ná 4,5 úr eftirfarandi námsþáttum.<br><br>**Símatsáfangi** ☒ **Lokaverkefni** ☐ **Sleppikerfi** ☐ | |

| Heiti | Vægi |
|---|---|
| Félagsfræðileg hugsun | 10% |
| Grunnur að skilningi á samfélaginu | 10% |
| Félagsfræðikenningar á skjánum | 10% |
| Samskiptakenningar | 10% |
| Kenningar og sjálfsmynd | 10% |
| Félagsleg lagskipting | 10% |
| Spegilmynd lagskiptingar | 10% |
| Kenningar og kynjamisrétti | 10% |
| Kenningar og kynhlutverk | 10% |
| Kenningar og kvikmyndir | 10% |
| Samtals: | 100% |

**Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvernig rannsóknaraðferðir félags-fræðinnar eru notaðar og hvernig beita eigi þeim með raunverulegum hætti
- Hvaðan hugmyndir um rannsóknir á veruleikanum eru komnar
- Hvernig rannsaka eigi viðfangsefni með kerfisbundnum hætti
- Helstu hugtökum sem greinin notar og hæfileika til að skilgreina þau og skilja
- Hvernig kenningar birtast í dægurmenningu
- Birtingamyndum kenninga í daglegu lífi
- Helstu vefsvæðum sem tengjast áfanganum og efnistökum áfangans
- Félagsfræðilegum hugsunarhætti
- Þáttum eins og samskiptum, félagslegri lagskiptingu, hvað viðheldur stöðugleika í samfélaginu og hvernig við erum afsprengi félagslegra afla sem móta hegðun okkar og viðhorf samhliða því að hafa sjálfstæðan vilja
- Kyni og kyngervi
- Kynhlutverkum
- Félagslegri lagskiptingu
- Kenningum og dægurmenningu
- Rannsóknaraðferðum
- Kenningum

**Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Greina sitt félagslega umhverfi á gagnrýnin hátt út frá ólíkum kenningalegum sjónarhornum
- Skilja hvernig margir þættir í daglegu lífi sem við tökum sem sjálfgefnum þurfi ekki að vera það
- Gera sér grein fyrir því að með félagsfræðilegri hugsun getur hann brotist út úr hefðbundinni hegðun
- Að koma auga á hvernig kenningar birtast í dægurmenningu
- Afla gagna og greina gögn af helstu vefsvæðum sem tengjast áfanganum
- Að með því að tileinka sér aðferðirnar geti hann túlkað og skilið samfélagið á ítarlegri hátt en áður

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta notað kenningar til að skilja félagslegan veruleika
- Geta notað ólíkar kenningar og sjónarhorn til að verða víðsýnn og gagnrýninn
- Geta notað þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér við að taka sjálfstæðar ákvarðanir í sínu félagslega umhverfi
- Geta nýtt sér kenningar til að skoða dægurmenningu með gagnrýnum augum
- Að geta bent á og greint frá hvernig nýta má kenningar til að meta umfjöllun fjölmiðla á gagnrýnin hátt
- Geta horft á viðfangsefni frá mörgum sjónarhornum og eigi auðveldara með að setja sig í spor annara
- Nýta helstu vefsvæði sem greind hafa verið í áfanganum við rökfærslu
- Sköpunarmáttur nemandans á jafnframt að aukast með auknum félagslegum skilningi og siðferðisvitund hans einnig
- Gera sér grein fyrir aukinni þekkingu og þannig að öðlast aukið sjálfstraust í athöfnum daglegs lífs

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. **Nemendur setja sjáanlega síma í símarekka í upphafi kennslustundar.**<br>Skólareglur gilda í þessum áfanga og skulu nemendur og kennari koma fram af háttvísi. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Mikilvægt er að nemendur komi með fartölvur. Þeir sem ekki eru með fartölvur geta fengið lánað á bókasafninu. |

| **Vinnuáætlun** | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 1 klst. | 16 klst. |
| **Verkefnavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Undirbúningur f. parapróf** | 3 x 2 klst. | 3 klst. |
| **Undirbúningur fyrir greiningar** | 4 klst. | 3 klst. |
| **Alls** | | **118 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>6. – 10. janúar | **Félagsfræðileg hugsun** | Sjá moodle |
| **2. vika**<br>13. – 17. janúar | **Félagsfræðileg hugsun** | Sjá moodle |
| **3. vika**<br>20. – 24. janúar | **Grunnur að skilningi á samfélaginu** | Sjá moodle |
| **4. vika**<br>27. – 31. janúar | **Grunnur að skilningi á samfélaginu** | Sjá moodle |
| **5. vika**<br>3. - 7. febrúar | **Félagsfræðikenningar á skjánum** | Sjá moodle |
| **6. vika**<br>10. - 14. febrúar<br>*Uppbrotsdagur* | **Samskiptakenningar** | Sjá moodle |
| **7. vika**<br>17. - 21. febrúar | **Samskiptakenningar** | Sjá moodle |
| **8. vika**<br>24. - 28. febrúar<br>*Vetrarfrí 27. og 28.* | **Kenningar og sjálfsmynd** | Sjá moodle |
| **9. vika**<br>3. - 7. mars<br>*Námsmatsdagur - Miðannarmat* | **Félagsleg lagskipting** | Sjá moodle |
| **10. vika**<br>10. - 14. mars | **Félagsleg lagskipting** | Sjá moodle |
| **11. vika**<br>17- 21. mars | **Spegilmynd lagskiptingar** | Sjá moodle |
| **12. vika**<br>24. - 28. mars | **Spegilmynd lagskiptingar** | Sjá moodle |
| **13. vika**<br>31. mars - 4. apríl | **Kenningar og kynjamisrétti** | Sjá moodle |
| **14. vika**<br>7. - 11. apríl<br>*Starfshlaup - Páskafrí* | **Kenningar og kynhlutverk** | Sjá moodle |
| **15. vika**<br>22. - 25. apríl<br>*Sumardagurinn fyrsti* | **Kenningar og kynhlutverk** | Sjá moodle |
| **16. vika**<br>28. apríl - 2. maí | **Kenningar og kvikmyndir** | Sjá moodle |
| **17. vika**<br>5. - 9. maí | **Kenningar og kvikmyndir** | Sjá moodle |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Bogi Ragnarsson*